


# Leiklist

## Alþýðuleikhúsið:

**Illur fengur** eftir Joe Orton — brezkur farsí. Sýnt í kvöld klukkan 20.30.  
**Elskaðu mig** eftir Vítu Andersen — Arnar Jónsson og Tinna Gunnlaugsdóttir rekja samskipti karls og konu. Sýnt annað kvöld klukkan 20.30.  
**Súrmjólk með sultu** — sænskt leikrit handa allri fjölskyldunni, sérstaklega litlu krökkunum, þeir skemmta sér vel. Sýnt klukkan 15 á morgun.



## Garðaleikhúsið:

**Karlinn í kassanum** — farsí eftir Arnold og Bach, sigilt í sinni röð. Sýnt í Tónabæ annað kvöld klukkan 20.30

## Íslenska Óperan:

Engar sýningar þar um helgina vegna veikinda eins aðalsöngvarans.

## Leikbrúðuland:

**Hátíð dýranna** eftir Helgu Steffensen og Eggíð hans Kívi eftir Hallveigu Thorlacius sýnt að Frikirkjuvegi 11 á morgun klukkan 15.

## Leikfélag Kópavogs:

**Aldrei er friður** eftir Andrés Indriðason. Bráðhress gamanleikur fyrir alla. Sýning á morgun klukkan 15.

## Leikfélag Reykjavíkur:

**Jói** eftir Kjartan Ragnarsson sýndur í kvöld klukkan 20.30.  
**Salka Valka** eftir Halldór Laxness sýnd annað kvöld á sama tíma.  
**Skornir skammtar** — revia sívinsæla eftir félagana Jón H. og Þórarín Eldjárn sýnd á miðnætursýningu í Austurbæjarbíói í kvöld.

## Þjóðleikhúsið:

**Hús skáldsins** eftir Halldór Laxness og Svein Einarsson. Ólafur Ljósvekingur sýnir hvað í honum býr. Sýnt í kvöld klukkan 20.  
**Amadeus** — Róbert Arnfinnsson fer á kostum í titillutverkinu. Sýnt annað kvöld klukkan 20.  
**Gosi** — bráðskemmtilegt leikrit, sem höfðar til allra, en þó einkum yngri kynslóðarinnar. Sýnt í dag klukkan 15 og á morgun klukkan 14.  
**Kisuleikur** verður sýndur á Litla sviðinu annað kvöld klukkan 20.30.

-KB

# Tónlist

Í dag verður konsertuppfærslan á Aídu endurtekin í Háskólabíói og svo aftur á þriðjudagskvöld. Mun uppselt á tónleikana sem lýsir vel óperuþorsta landslýðs.

Á miðvikudagskvöld, 24. þ.m., kl. 20.30, heldur sellóleikarinn Warren Stewart tónleika í Norræna húsinu með harla forvitnilegri efnisskrá: Bach, Stockhausen og Britten leggja til verkin.

Einar Grétar Sveinbjörnsson kemur heim og leikur einleikinn í hinum ljúfa fiðlukonsert Mendelsohns á tónleikum Símfóníunnar á fimmtudagskvöld og að auki verður nýtt hljómsveitarverk Jóns Þórarínssonar frumflutt. Sannarlega tvöfalt tilhlökkunaræfni.

Ög á Háskólatónleikum í föstudagshádegi ætla Einar Jóhannesson og félagar að blása kvintetta þeirra kumpána Jóns Ásgeirssonar og Carls Nielsen.

Eyjólfur Melsted.

## Menning

## Menning

## Menning

# MÚRRISTUR

Um þessar mundir stendur yfir að Kjarvalsstöðum sýning á múrristum eftir Gunnstein Gíslason.

Listamaðurinn á að baki langan námsferil: Myndlista- og handiðaskólinn '63-'69; Kunstfackskolan TL í Stokkhólmi. Þetta er fyrsta einkasýning Gunnsteins, en hann hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis.

Sýningunni lýkur 22. febr.

### Úr sýningarskrá

Nafnið sgraffito er komið af ítalska orðinu sgraffiare sem þýðir rista. Fyrr á tímum var þessi veggmyndatækni notuð samhliða al fresco myndum sem hluti af byggingarlistinni. Munurinn á fresco og sgraffito myndum felst í því að í stað þess að mála múrinn er skafið í blautu steypuna til að fá myndina fram.

Uppistaðan í múrristu er finmulinn hvítur marmari, kalk og steinlitir. Veggurinn sem skreyta á er lagður vírneti og rappaður. Að því loknu eru lituð múrlög dregin hvert yfir annað eftir því hve margir litir eiga að vera í myndinni. Síðasta lagið er yfirleitt hvítt.

Að þessu loknu er vinnuteikning fest á múrinn og framkölluð í blautu steypuna. Myndin er síðan skorin til með beittum hnif og litir og form skafin fram. Þegar allur raki er horfinn úr steypunni má verja hana með blöndu af hreinu bývaxi og parafin-vaxi sem brætt er inn í múrinn."

### Náttúran

Gunnsteinn yrkir um náttúruna og manninn, samspil þeirra og aðskilnað. Oft eru það smáatvik eða augnabliksástand sem listamaðurinn reynir að þýða í hið óþjálga efni. Og stundum er sem myndefnið sé aðeins átylla til listsköpunar. Náttúran er leyst upp og endurbýggð samkvæmt vilja og sýn listamannsins. Þá eru einnig myndir þar sem Gunnsteinn yfirgefur alla hlutlæga skirskotun og skapar verk, þar sem aðeins er spilað með boglinu, hreyfingu, lit og dýpt, því jú, hér er um að ræða eina tegund lágmyndar sem oft liggur á mörkum tvi- og þrívíddar.

### Þrjár myndgerðir

Myndir listamannsins sýna okkur að hann vinnur samtímis á 3 myndgerðum, — sem allar eiga það þó sameiginlegt að búa yfir mikilli dýptarverkun sem er efninu eðlislæg.

Fyrst gefur að lita verk eins og „Stríð“ og „Eftirleit“, sem viðhalda hinna samfelldu frásögn. Hér er um að ræða eitt atvik, stund og stað. Þessi myndgerð liggur afar nálægt hefðbundnu málverki og við finnum lítið fyrir eiginleikum efnisins.

### Geometrisk náttúra

Önnur myndgerð er áberandi hjá listamanninum, þar sem myndfletinum er deilt í vissi marga geometriska fleti sem brjóta upp hina samfelldu frásögn og um leið alla hefðbundna rýmisverkun. Gunnsteinn raðar upp ólíkum náttúrubrotum, nánast í geometriskt kerfi. (Sjá verk nr. 7 í fjöruborðinu—1981: nr. 18 Fernissleikur 1981: nr. 19 Austanregn 1980.) En innan hvers ferhyrnings vinnur listamaðurinn úr möguleikum efnisins sem hann skefur misdjúpt og framkallar þannig andstæður og skugga sem hann gjarnan magnar í lit.

Þegar lítið er á heild þessa geometrisku verka er sem listamaðurinn vilji beisla náttúruna, skrá hana í ákveðið kerfi. Það má því auðveldlega finna togstreitu milli ljóðrænna forma (fallandi lauf, boglinur) og geometriskar grindar, það sem brotin er upp hin samfellda hrynjandi.

### Fugl-form

En þó listamaðurinn sé upptekinn af geometriunni er um að ræða þriðju formgerðina þar sem hann brýtur upp myndefnið, en heldur þó beinni gagnverkun forma. Þessi myndgerð kemur sérlega fram í myndinni „Vorflug I“ 1981 nr. 8. Þó listamaðurinn láti móta fyrir þriðskiptingu flatarins er um að ræða eitt form (á samfelldum grunnfleti) sem þjóast, umbreytt frá vinstri til hægri

og leysist upp. Í raun er þetta fugl á flugi, sem er tekinn í loftstreymi. Myndin lýsir nokkrum vængjatökum, þeim tíma sem fuglinn flýgur yfir myndfötinn, umbreyttist og loks leysist upp í ljóðræna abstraktion.

### Efnið og formin

Þegar á heildina er lítið er ljóst að myndirnar veða salt milli náttúru og abstraktionar. Þetta er áberandi leitandi sýning, þar sem efnið sjálft hefur leiðandi hlutverk. Listamaðurinn kannar möguleika efnisins, vill samræma efni og form og þreifur fyrir sér með nokkrar myndgerðir. Við getum kannski sagt að þessi sýning sé tími efnisins. Næst er því fyrir listamanninn að marka sér afgerandi stefnu í form- og myndrannsóknum, þar sem efnið verður sem undirgefið tæki til frekari listsköpunar.


### Vel unnin sýning

Sýning Gunnsteins að Kjarvalsstöðum er sérlega vel unnin. Áhorfandinn kynnist efninu með sundurgreindum sýnishornum og getur gert sér grein fyrir vinnuháttum.

Þá er einnig kynnt fyrir áhorfendum hvernig listamaðurinn hugsar verkin í stærra samhengi. —G.B.K.


## Myndlist

**Gunnar B. Kvaran**



Nr. 16 Eftirleit, 1981.

„Þrátt fyrir efnið liggur þessi myndgerð nálægt hefðbundnu málverki.“




Nr. 19 Austanregn, 1980.

„Gunnsteinn raðar upp íkum náttúrubrotum, nánast í geometriskt kerfi.“



Í tilefni konudagsins:

# Nýafskorin, fálleg blóm



Eigum gott úrval af afskornum blómum. Fersk og fálleg blóm, sem eru ræktað hér á staðnum í gróðurhúsum okkar.

Fálleg blóm gleðja alla.

# blómaval



Gróðurhúsinu við Siqtún: Símar 36770-86340